



Verk fast í tíma

Rauntímarefill Eirúnar var unninn meðan á Covid-faraldrinum stóð og ber þess merki.

MYNDIR: HEIDA HELGADÓTTIR

# Myndi örugglega aldrei fara neitt ef hún vissi allt

Covid-faraldurinn birtist ljóslifandi á nýjasta listaverki listakonunnar **Eirúnar Sigurðardóttur**, Rauntímareflinum, sem var saumaður meðan á faraldrinum stóð. Refillinn tók mið af stöðu faraldursins á hverjum tíma og var lokaútkoman því ekki fyrirfram ákveðin.

**L**ínuleg dagskrá hélt okkur saman á jörðinni. Það voru allir að hlusta á þríeykið,“ rifrar Eirún Sigurðardóttir upp og heldur áfram, „maður er ekkert að hámhörfa á það mörgum mánuðum seinna, það var mikilvægt að þau voru í beinni.“ Eirún saumaði Refilinn sinn, umfangsmikið útsaumsverk, á Covid-árunum. Covid og óvissa og óhefðbundnir lífnadarhættir tímabilsins fléttast í verkið, en líka venjuleg mennska, eða kvennska eins og Eirún segir, að ógleymdri línulegri gufu.

Verkið er unnið í rauntíma, ekki vitandi hvernig næsti kafli yrði og þess þá heldur hvernig lokaútkoman myndi líta út. „Verkið er pikfast í þessum tíma,“ segir Eirún.

## Átján ára kaupakona

Eirún Sigurðardóttir tók á móti Hillbilly í rauðum flauelskjól á heimili sínu í miðbæ Reykjavíkur. Hún var að koma af reiðnámskeiði. Hillbilly fann sig knúna til að deila sinni hestareynslu með Eirúnu, fyrsta og eina skiptinu sem Hillbilly hefur farið

í reiðtúr. Eirún hrærir í hrísgrjónagraut á meðan Hillbilly segir henni allt af létta af fáknum Villa tryllta Villa. Talið berst að sveitinni, og að vera sendur í sveit sem barn. „Nú eru það bara sumarþúðir,“ segir Eirún og heldur áfram: „Vaka systir mín er bóndi fyrir norðan og ef einhver mundi stinga upp á að senda börnin sín til hennar í nokkur vikur væri svarið, ha? Senda börn til mín? Má ég ekki frekar senda mín börn til þín?“ hefur Eirún eftir systur sinni og hrærir í grautum. Sjálf fór Eirún í sveit frá 12 ára aldri, alls 7 sumur, þar af eitt sumar í þýska sveit. Það kom upp í þýskutíma í MR, þegar þýskukennarinn tilkynnti átján ára Eirúnu og bekknum hennar að hægt væri að fara til Þýskalands og vinna á þýskum lífrænum bóndabæ. „Þetta var þegar enginn vissi hvað biólógískt var,“ segir Eirún og bætir við að þetta hafi verið mikil lífsreynsla.

Eirún fór síðar í skiptinám og enn síðar í framhaldsnám til Berlínar í Þýskalandi. „Seinna fluttum við Maggi með eldri stelpuna okkar þangað, árið 2003. Hún var bara þriggja ára. Þá var ég búin að prófa að vera þarna námsmaður og foreldri. Þar borgar maður leikskólagjöld eftir innkomu. Og við vorum námsmenn, þeir borga minna. Mjög lítið.“ Það eru svo margir sem vilja flytja út til útlanda með börnin sín en láta margt stoppa sig, segir Hillbilly og talar ef til vill aðallega fyrir sjálfa sig. „Maður myndi örugglega aldrei fara neitt ef maður vissi allt,“ segir Eirún.

„Á ég ekki að gera te?“ spyr Eirún og tekur upp fagurappelsínugulan teketil. „Þetta er 70's hjarta íbúðarinnar.“ Það er ýmislegt annað í íbúðinni sem bendir til ást til sjúnnar. „Við fluttum hingað 1999 og þessir litir

hafa alveg haldið sér. Appelsínugult eldhús, brúnn veggur,“ bendir Eirún á. „Brúnn var uppáhaldsliturinn minn þegar ég var barn, ekki beinlínis algengur uppáhaldslitur kannski.“

Hillbilly er góð blaðakona og fann hér ágætis aðrein að list Eirúnar. Útsauminum. Varstu ekki að sauma út sem barn sjúnnar? „Jú, þá var búið að þrykkja myndina á ramma og valið garn fylgdi. Ég fór eftir númerum svo úr urðu myndir. Verkefni sem ég vissi hvernig átti að líta út. Þetta var bara til að hafa ofan af fyrir mér sem krakki.“

## Verkfræði ömmunnar

Árið 2014 byrjaði Eirún að vinna verkefni sem tengdist tímabilinu í lífi hennar þar sem hún var á milli barns og unglings. „Ég hugsaði hvaða efnivið ég hefði verið að nota þá og tengdi þá í þetta gamla púðadót og leitaði í þessa grófu stramma og fór að prófa garn.“

Hillbilly vísar í viðtal sitt við Gjörningaklúbbinn sem hún tók árið 2017. Þar var eftirminnilega rætt um verkfræði ömmunnar, að byggja listina á verkfræði formæðrana. Eirún er æ og sí að hræra í grautum en biður loks dóttur sína, heimasætuna, að hafa auga með grautum og Eirún og Hillbilly mjaka sér út úr eldhúsinu. Á ísskápnum hanga svarthvítar fjölskyldumyndir með kossa-seglum.

## Fimm parta Rauntímarefill

Eirún fer að tína fram fimm stóra striga og raða þeim í röð. Verkið sem Hillbilly er mætt til að ræða er Rauntímarefill. Þetta er eitt verk í fimm pörtum. „Ég hóf verkið daginn eftir að fyrsta Covid-tilfellið kemur upp á Íslandi. 29. febrúar 2020, hlaupársdag.“

En svo er hann ekki bara einhver Covid-refill. Það er eitthvað að þenjast upp, eitthvað að gerast og eitthvað

sem ætlar ekki að hætta og þarf að setja mörk. Strúktúr sem þarf að vera almennari. Þess vegna heitir hann ekki Covid-refillinn, þótt hann sé gerður á þeim tíma og Covid hafði áhrif á hvernig hann lítur út. Tímálinan er bara rammi, og það sem hægt er að sjá í myndunum, kúrfur og fleira, geta táknad bæði Covid-smit í samfélaginu, eða streitustig sálarinnar. Hillbilly finnst merkingarþrungnið að Eirún noti útsaum sem miðil fyrir verkið. Þræðir sem skapa heildarmyndina.

Hillbilly og Eirún sammælast um að þær hlakki til að sjá Covid-bíómyndir fram tíðar. „Þarna í byrjun, það var eins og maður væri bara í vísindaskáldsögu. Man að ég var að labba til mömmu og enginn á ferli og bangsar alls staðar í gluggunum. Maður verður bara klökkur yfir samkenndinni.“ Þennan tíma sem ekki mátti faðmast sat Eirún með verkið í fanginu. „Það er hlýja í efninu.“

## Endalausar kúrfur

Eirún stillir upp reflinum fyrir Hillbilly og bendir á hluta refilsins lengst til vinstri. „Þetta er byrjunin, þarna var ég bara eitthvað að byrja. Hlusta á þríeykið, sem talaði mikið um að slétta einhverja smitkúrfu, og svo sá ég að ég var búin að sauma þessa línu herna upp á við og ákvað að klára þennan hluta þegar hápunktur kúrfunnar yrði náð.“

Ferlið var lífrænt og engin skissuvinna unnin. „Ég veit ekkert hvað er að fara að gerast, ég sest bara niður og sauma út í smá stund. Eins og herna númer tvö, nú fer kúrfan að fara aftur niður. Ég ákvað að gefa mér lengri bít, sá fyrir mér að allt yrði búið eftir að kúrfan færi niður.“

Í bít tvö er litavalið strax fátæk-

## Hillbilly-systur



Ragga og Magga Weissappel skrifa





Stundin, 17.06.2022, síðu 60  
grein stærð: 631.35 sm2  
grein hæð: 36.29 sm

legra. „Það er vegna þess að búðin var lokuð og innflutningur á vörum var minni,“ segir Eirún. Refillinn endurspeglar sem sagt líka þann hluta faraldursins.

### Garnið hlýðir

Samvinnan við garnið gengur vel. „Í Gjörningaklúbbnum er ég í samvinnu við aðra manneskju. En þegar ég er ein er það samvinna við efnið, við nál og þráð eða vatnslit. Ég ræð auðvitað miklu í útsaumnum, garnið er mjög hlýðið. Ég þræði það bara upp á nál. Það er ekkert að fara að breytast.“ Annað en vatnsliturinn sem getur verið algert wild card sem samstarfsaðili,“ bætir Hillbilly við, „maður veit aldrei hvað hann gerir næst.

Þegar kemur að útsaumi Eirúnar er bannað að rekja upp. „Svolitið eins og teikna með kúlupenna. Eins og í lífinu, þú gerir eitthvað og þú verður bara að reyna að halda áfram, standa með því. Gera það besta úr því. Og ég hugsu líka, það er ekkert vitlaust. Það er ekkert rangt í myndlist.“

### Framtíðarþokan

Eirún heldur áfram að lesa í Rauntímarefilinn. „Síðan kemur þessi týpa hérna, þá er þetta garn eiginlega að verða búíð sem ég var með. Það eru endalaust einhver smit, einhver partí einhvers staðar, sögur um ólátabelgi sem höfðu hist. Mikil smitskömm í gangi. Það spýtist út úr vírus-búbbunni yfir í rólegri ullarliti, hér er komið annað garn. Hér hélt ég líka að þetta væri að klárast. Það var ekki.“

Eirún heldur áfram að þræða þræðina. „Svo hér er byrjað að sprauta fólk ... og eldgos. Samt svoldið huggulegt bara. Vorlitir. Hérna voru þessar væntingar að þetta myndi klárast.“ Eirún heldur áfram: „Hér var þetta Covid-lausa sumar. Ég var bara úti að leika, var miklu lengur með þennan bút, var ekkert inni í útsaumi.“

Síðasti búturinn einkennist af beinum línunum, „en alltaf laumast einhver smit, aldrei alveg búíð. Alltaf nýtt vesen og ég ákveð að ég ætlaði ekki að helga líf mitt Covid.“

Refillinn endar í framtíðarmóðu. Síðasti saumurinn var þræddur daginn sem Eirún flaug í fimmtugsafmæli til Rómar. „Venjulegt líf. Það er, að fara í ólífsnauðsynlega utanlandsferð.“ Í framtíðarþokunni er margt, til dæmis er þar innifalið Ómískron tilfellið. „Mér fannst gott að enda í móðu og í hugmyndinni að vita ekkert. Við vitum ekkert enn þá.“

### Are you happy or are you not?

Vatnið er orðið volgt. Fullkomið. Hillbilly heldur að það eigi að vera 80 gráður fyrir grænt te.

„Er það ekki? Það er allt eins og það á að vera,“ segir Eirún. Hillbilly og Eirún lesa upp spakmæli jógatesins, The question is simple. Are you happy or are you not? „Þetta er reyndar mjög gott. May all live in peace, tranquility, honor and love. Það er enginn að fara að mótmæla þessu. Viljið þig-rolls kex?“ spyr Eirún. Uppáhalds kex æsku Hillbillyar.

### Ekkert vandræðalegt tímabil í lífi listakvanna

Eirún er ætíð leitandi. Hún fylgist vel með pólitík og því sem er í gangi í samtímanun. „Ég les mikið og fylgist vel með. Það síast auðvitað allt inn í verkin. Það sem mér finnst vera forvitnilegast hverju sinni.“

Fyrir Eirúnu er líka mikilvægt að fylgjast vel með myndlistarsenuinni og til að mynda reynir hún alltaf að fara á Feneyjatvíæringinn og er nýkomin af þeim nýjasta. „Ég verð alltaf fyrir áhrifum. Ég er alltaf spennust yfir því sem ég skil ekki alveg, það sem er óljóst og þarf að þæla í.“

Eirún bætir við að myndlistin hafi kennt henni að vera opin. „Ég er gamaldags á alls konar sviðum en í myndlistinni eru alls konar rásir. Ég fer til Feneyja – sem dæmi – til að sjá eitthvað sem ég hef ekki áður séð en líka til að fá staðfestingu á einhverju sem mér finnst.“ Eirún talar helst um sýningarstýrðu sýningu tvíæringins.

## Ég tók tvíæringnum í ár sem staðfestingu á því að þessi feminíska list má líka taka pláss

Sýningin samanstóð mest af fólki sem skilgreinir sig ekki í karlkyni. Sýningarstýrða sýningin á tvíæringnum er þannig að sýningarstjóri velur listamenn á sýningu sína. Á umræddri sýningu voru 230 listamenn. „Risaverkefni. Nú eru þrjú ár síðan tvíæringurinn var síðast, sem virðist bara vera jákvætt.“

Sýningin var falleg að sögn Eirúnar. Mikið af útsaum og teikningu, og alls konar „kvenlegu“, sem ekki sést oft á viðurkenndum sýningum af þessari stærðargráðu. Einnig nefndi Eirún verk sem tengjast orkustöðvunum, jóga og kristólum, „hippalegu dóti, ekki mikið en aðeins. Engin skömm að því. Mér fannst þetta valdeflandi. Þegar ég var að byrja minn feril upplifði ég að það væri ekkert sniðugt að tala mikið um kvennamál, það væri ekki nógu alvöru,“ segir Eirún en bætir við að það var ekki sagt við hana beint heldur skynjaði hún það. „En á þessari stóru sýningu er fólk að fjalla um líkamann sinn, og það bara má. Það er ekkert vandræðalegt tímabil í lífi listakvanna sem þær ættu svo að setja til hliðar. Bara alvöru og flott. Ég tók tvíæringnum í ár sem staðfestingu á því að þessi feminíska list má líka taka pláss og er jafngild.“

Eirún keppist ekki við að setja merkimiða á sína list en er að sjálf-sögðu feminísta. „Ég tók feminíska afstöðu þegar ég var þrettán ára um ákveðið málefni og er bara búin að vera femínsti síðan. Þá hlýtt eg að gera feminíska myndlist.“ Eirún kláraði diplómu í kynjafræði árið 2014. „Það er svo margt sem ég var búin að þæla í og vildi dýpka og fá staðfestingu á með náminu.“

### Fær að fljúga eins og hún er fiðruð

Þessi litlu spor sem mynda refileinn, kvenlega handverkið, tekur pláss í refileinum. „Það er búíð að kenna okkur sem skilgreinum okkur sem konur að taka lítið pláss, verja okkur, loka, ekki horfa í augun. Á meðan karlkyns er kennt að segja hátt og snjallt: Ég er mættur!“

Eirún gerði eitt sinn verk, Sundur, saman, sem er í eigu Listasafns Íslands. Verkið samanstendur af fimm ljósmyndum, þar sem Eirún og hennar maður, fyrrnefndur Maggi, sitja hlið við hlið hann í jakkaftötum og hún í kjól. „Á fyrstu myndinni er ég með fæturna í kross og hann situr mjög gleiður og smám saman opnast ég og hann lokast, og á fimmtu myndinni sit ég gleið og hann er með krosslagða fætur.“

Er Eirún ánægð með ákvörðun sína að vera listamaður? „Það er auðvitað fáránlegt að velja sér þetta. Held maður myndi ekki gera það ef maður myndi skoðað allar hliðar. Þetta var kannski aldrei alveg ákvörðun,“ segir Eirún og rifjar upp leiðina sem hún fór. Hún fór til dæmis í menntaskóla eingöngu til þess að komast frekar inn í Mynd-og handíðaskólann, en í menntaskólanum fékk hún tækifærið til að fara til Þýskalands, sem tengdi hana snemma því landi og þangað hélt hún aftur sem myndlistarnemi. Hún hefur alla tíð upplifað stuðning frá foreldrum sínum. „Maður verður að leyfa börnunum sínum að vera þau sem þau eru. Ég er svo þakklát öllum sem hafa stutt mig, fjöllunni, mannum mínum og íslenska menntakerfinu. Að manneskja eins og ég geti valið mér svona ópraktískt nám

og leyft mér að blómstra sem ég. Að samfélagið styðji við einstaklingana í því og hjálpi þeim að verða það sem þeir eru. Frekar en að reyna að troða þeim inn í eitthvert mót. Enginn veit hvernig framtíðin mun verða, eins og þessi rauntímarefill sannar,“ segir Eirún sát.

Hillbilly er ánægð með tenginguna við Rauntímarefileinn nú þegar viðtalið sem átti að vera um refileinn er að líða undir lok. „Ég er svo þakklát íslensku samfélagi, að ég fái að vera þessi apaköttur sem ég er. Ég fagna því. Fjölbreytileikanum og LÍN,“ segir Eirún að lokum. Hillbilly hemur sig ekki og bætir við „...ulegri dagskrá.“

Refileinn má líta augum á Kjarvalsstöðum, á sýningunni Spor og þræðir sem var opnuð 9. júní og stendur fram í september. Frekari upplýsingar má finna á vefsíðu Listasafns Reykjavíkur. ■

### Annar helmingur Gjörningaklúbbsins

Eirún Sigurðardóttir er myndlistarkona og annar klúbbsfélagi Gjörningaklúbbsins (Hinn félaginn er myndlistarkonan Jóní Jónsdóttir). Klúbburinn hittist á hverjum degi frá 10.00-16.00 á vinnustofunni. Sinnir sóló-list sinnir Eirún á kvöldin og um helgar. Eitt hennar nýjasta verk, Rauntímarefill, er á sýningunni Spor og þræðir á Kjarvalsstöðum.

